

## Samantekt

Þann 16. desember 2025 barst Matvælastofnun tilkynning frá eftirlitsþega um að viðbragðsáætlun vegna stroks hefði verið virkjuð vegna óhapps sem varð í flutningi laxa á milli tanka í áframeldi í eldisstöð Laxeyjar í Viðlagafjörú. Í kjölfar atviksins fundust dauðir laxar í fjörinni við útrás eldisstöðvarinnar. Á þeim tímapunkti var búið að leggja út net við útrásina og verið var að rannsaka umfang atviksins og lágmarka skaða.

Matvælastofnun hóf þegar rannsókn málsins og kallaði eftir frekari upplýsing og gögnum frá eftirlitsþega.

Eftirlitsþegi upplýsti Matvælastofnun síðar samdægurs að sést hefði til tveggja lífandi laxa í sjónum en búið væri að leggja net í sjóinn með aðstoð báts og kafari vaktaði svæðið. Einnig voru notaðar neðansjávarmyndavélar.

Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsþega var um að ræða flutning laxa úr taki A5 í tank A7. Í umræddum tanki voru 142.242 laxar og meðalþyngd þeirra var 2.214 g.

Í greinargerð eftirlitsþega til Matvælastofnunar þar sem atvikinu er lýst kemur fram að við flutninginn hafi verið byrjað á því að lækka vatnið í kerri A5 með því að lyfta kraga á yfirfallsröri niðri við botn kersins þannig að það myndast sterkur straumur niður við botninn út í fráveitu. Starfsfólk eftirlitsþega hafi skömmu eftir að þessi aðgerð hófst áttaði sig á því að eitthvað væri að þegar byrjaði að flæða upp úr staðar verið óvirk vegna bilunar sem átti sér stað þremur dögum fyrir atburðinn og því hafi verið opið framhjáflaup niður að fiskigildru sem er til staðar, en hluti hennar laskaðist undan þunga fisksins með þeim afleiðingum að einhverjir laxar komust í gegnum hana og þannig hafi þeir komist niður að útrás eldisstöðvarinnar.

Eftirlitsþegi telur orsök atviksins líklegast vera þá að nokkurt magn af laxi hafi lagst á grindurnar og dregið þær inn að neðan þegar verið var að minnka vatnsmagn í kerinu. Neðst við grindina hafi myndast rifa þar sem laxinn hafi dregist undir og inn í miðjusúluna og þaðan niður í gegnum yfirfallsrörið og niður í fráveitusafnsbrunn í miðrymi stöðvarinnar. Þegar atvikið gerðist hafi tromlusía sem þar er til staðar verið óvirk vegna bilunar sem átti sér stað þremur dögum fyrir atburðinn og því hafi verið opið framhjáflaup niður að fiskigildru sem er til staðar, en hluti hennar laskaðist undan þunga fisksins með þeim afleiðingum að einhverjir laxar komust í gegnum hana og þannig hafi þeir komist niður að útrás eldisstöðvarinnar.

Við nánari skoðun eftirlitsþega kom í ljós að hönnun á grindum í miðjusúlu kersins var ekki nægjanlega góð. Grindin gaf auðveldlega eftir við álag. Eftirlitsþegi hóf strax úrbætur og nýjar grindur hafa verið settar í tank A5 sem eru mun sterkari og jafnframt hefur verið sett auka styrking með burðarbitum yfir grindurnar að neðan. Samskonar hönnun er í öðrum tönkum í eldisstöðinni og er vinna hafin við að skipta þeim út.

Samkvæmt gögnum málsins fundust samtals 84 dauðir laxar, 27 við útrásarsvæðið, 22 inn í tankinum og 35 í frárennslisbrunni. Enginn lax veiddist í net. Allur sá lax sem fannst dauður var illa leikinn. Eftirlitsþegi telur að færri en 100 laxar hafi strokið í umrætt sinn.

Þann 7. janúar 2026 fóru eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir og Vigdís Sigurðardóttir, í eldisstöð Laxeyjar í Viðlagafjörú til að rannsaka málið frekar. Gengið var um stöðina og rætt við starfsmenn eftirlitsþega á skrifstofu stöðvarinnar. Þá var óskað eftir frekari útprentuðum gögnum sem farið var yfir á skrifstofu Matvælastofnunar.

Niðurstaða rannsóknar Matvælastofnunar:

Matvælastofnun telur ljóst að strok hafi átt sér stað úr eldisstöð Laxeyjar í Viðlagafjörú þar sem hönnun búnaðar í eldskerjum og frárennslis hafi verið haldinn ágalla sem leiddi til þess að lax komst út í sjó. Matvælastofnun telur að líklega hafi færri en 100 laxar strokið í umrætt sinn, en samtals fundust eins og fyrr segir 84 laxar í frárennslis og í fjöruborði. Stofnunin telur jafnframt hafi einhverjir laxar komist út í sjó hafi þeir verið illa leiknir og átt sér litur líkur á að lifa af og afleiðingar stroksins hafi því verið óverulegar.

Atvikið hefur verið sannprófað og úrbætur hafnar af hálfu eftirlitsþega og þeim að einhverju leiti lokið.

Matvælastofnun telur ljóst að til staðar hafi verið galli í hönnun grindar í miðjusúlu tanksins sem leiddi til þess að grindin gaf auðveldlega eftir við mikið álag. Samverkandi þættir hafi síðan leitt til þess að lax hafi komist út í sjó í umrætt sinn við illan leik.

Að lokinni rannsókn málsins telur Matvælastofnun vera til staðar eitt alvarlegt frávik og fjögur frávik. Stofnunin kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirlitsskýrslu þessari hvað varðar frávik er varðar eldisbúnað. Öðrum frávikum skal lokað eigi síðar en 23. apríl 2026.

Rannsókn málsins hjá Matvælastofnun önnuðust eftirfarandi starfsmenn: Jónína Guðmundsdóttir og Vigdís Sigurðardóttir.

Alvarleg frávik	Úrbótastærur
Rannsókn á stroki - Nýliðunarþjálfun starfsmanna	23/04/2026

Frávik	Úrbótastærur
Rannsókn á stroki - Eldisbúnaður	Næsta skoðun
Rannsókn á stroki - Viðbragðsáætlanir	23/04/2026

Rannsókn á stroki - Þjálfunarskrá starfsmanna	23/04/2026
Rannsókn á stroki - Annað	23/04/2026

**Viðstödd heimsókn**

Laxey ehf.

**Kennitala viðtakenda**

660521-1270

**Skoðunarmaður**

Jónína Guðmundsdóttir - Lögfræðingur

**Tölvupóstur**

mast@mast.is

**Undirbúningur**

0 klst.

**Frágangur**

12 klst.

**Tímar við úttekt**

13 klst.

**Akstur**

4 klst.

Matvælastofnun



Austurvegur 64



800 Selfoss



Sími 530-4800



www.mast.is



mast@mast.is

## Nýliðunarpjálfun starfsmanna

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir upplýsingum um nöfn starfsmanna sem voru við störf þann 16. desember 2025 þegar atvikið átti sér stað. Jafnframt var óskað eftir þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanna og verklagsreglu eftirlitsþega um þjálfun.

Verklagsregla um þjálfun starfsfólks er ófullnægjandi. Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 segir að við skrif á verklagsreglu skuli hafa eftirfarandi verkþætti til viðmiðunar; markmið, tíðni, framkvæmdaaðila eða ábyrgðaraðila, framkvæmd eftirlits, viðmið, úrbætur og skráningu. Í verklagsreglu um þjálfun starfsfólks vantar að tilgreina markmið verklagsreglunnar og hver ber ábyrgð á framkvæmd hennar.

Í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 er fjallað um þjálfun starfsmanna fiskeldisstöðva. Skýrar kröfur eru um þá þjálfun sem starfsfólk ber að hljóta áður en það hefur störf í fiskeldisstöð, sbr. 1. mgr. 50. gr. og viðauka III í fyrrnefndri reglugerð. Þannig þurfa nýir starfsmenn að fá kynningu á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis, þjálfun í vörnum gegn stroki, viðbrögðum við stroki, meðhöndlun eiturefna, þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti rekstraraðila. Þá þurfa allir starfsmenn fiskeldisstöðva einnig að fá þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra.

Í verklagsreglu eftirlitsþega um þjálfun starfsfólks er framangreind þjálfun ekki tilgreind nægjanlega vel og óljóst með öllu hvort eftirlitsþegi þjálfar starfsfólk sitt í öllum þeim þjálfunarþáttum sem fyrrnefnd ákvæði í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um. Þá kemur fram að nýliðaþjálfun skuli fara fram innan árs frá því að starfsmaður hóf störf en skilyrði eru um það í reglugerðinni að ákveðnar þættir nýliðaþjálfunar fari fram áður en starfsmaðurinn hefur störf, sbr. 1. mgr. 50. gr. reglugerðarinnar.

Þá vantar að tilgreina hvaða þjálfun starfsmenn þurfa að viðhalda og tíðni.

Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsþega voru níu starfsmenn við vinnu í umrætt sinn og voru þjálfunarskrár þeirra yfirfarnar við rannsókn málsins.

Við yfirferð þjálfunarskráa starfsmannanna sem voru við störf þann 16. desember er ljóst að enginn af þeim hefur hlotið alla þá þjálfun sem kröfur eru um til starfsmanna fiskeldiseldisstöðva samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Matvælastofnun telur því, með vísan til fyrirliggjandi gagna, að þjálfun starfsmannanna hafi verið ábótavant.

## Frávik

## Rannsókn á stroki

## Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

## Eldisbúnaður

Matvælastofnun telur ljóst að til staðar hafi verið galli í hönnun grinda við miðjusúlu tanksins og sá galli ásamt öðrum samverkandi þáttum hafi leitt til stroksins. Fyrir liggur að úrbætur eru hafnar í einhverjum tönkum, lokið í a.m.k. tank A5 en enn ólokið í öðrum tönkum þar sem það er ekki hægt að koma úrbótum að fyrr en tankarnir eru tæmdir.

Í ljósi þessa telur Matvælastofnun vera til staðar fráviki hvað varðar eldisbúnað í þeim tönkum sem ekki hafa verið lagfærðir. Stofnunin kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna þessa fráviks.

## Frávik

## Rannsókn á stroki

## Frestur til úrbóta: 23/04/2026

## Viðbragðsáætlanir

Við rannsókn málsins barst Matvælastofnun tvær útgáfur af viðbragðsáætlunum um stök. Önnur sem var í gildi þegar atvikið átti sér stað og hin sem send var stofnuninni þann 29. janúar og hafði verið uppfærð. Matvælastofnun gerir athugasemdir við báðar viðbragðsáætlanirnar en þær eru að mestu samhljóma. Af þeirri ástæðu verður farið yfir þá viðbragðsáætlun sem hefur verið uppfærð.

Matvælastofnun bendir á að ekki er þörf á að búið sé að staðfesta stök til þess að virkja viðbragðsáætlun um stök heldur nægir að það sé til staðar grunur.

Fyrsta viðbragð á ávallt að vera að koma í veg fyrir að fiskur strjúki, síðan ber að tilkynna atburðinn. Ekki þarf að bíða eftir samþykki Fiskistofu til að leggja út net.

Viðbragðsáætlunin er of almenn og tekur ekki mið af mismunandi atburðum sem gætu átt sér stað t.d. stök við flutning á fisk á milli tanka eða við dælingu í brunnbát. Ekki er lýst hvar og hvernig leggja eigi net út komi til stroks né hvaða tegundir neta notast skuli notast við miðað við stærð fisk og hvernig það er metið.

Viðbragðsáætlunin er einungis á ensku.

## Frávik

## Rannsókn á stroki

## Frestur til úrbóta: 23/04/2026

## Þjálfunarskrá starfsmanna

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir upplýsingum um nöfn starfsmanna sem voru við störf þann 16. desember 2025 þegar atvikið átti sér stað sem og þjálfunarskrám þeirra.

Við yfirferð á þjálfunarskrám starfsmannanna kom í ljós að í tveimur þjálfunarskrám vantaði að tilgreina upphafsdag starfs.

Það vekur athygli Matvælastofnunar að þjálfun starfsmanna klárast í einhverjum tilfellum öll innan sama dags. Að mati stofnunarinnar er sú þjálfun sem starfsmenn eiga að fá viðamikil og ekki verður séð að hún geti rúmast innan eins dags. Sé það raunin er ljóst að fræðsla sé ekki nægjanlega umfangsmikil.

Í þjálfunarskrá vantar að tilgreina þátttöku starfsmanna í árlegum fundi, sbr. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

## Frávik

### Rannsókn á stroki Annað

Frestur til úrbóta: 23/04/2026

Matvælastofnun óskaði eftir sannprófun á atvikinu og barst hún stofnuninni 29. janúar 2026.

Við skoðun á sannprófuninni kemur eftirfarandi fram varðandi þjálfun starfsfólks: „Þjálfunarskrár allar viðkomandi starfsmanna voru yfirfarnar og sýna þær að þjálfun var framkvæmd, skjaltsett, dagsett og undirrituð.“ Matvælastofnun vísar til umfjöllunar um frávik í eftirlitskýrslu þessari undir þjálfun og þjálfunarskrá þar sem fram kemur að þjálfun starfsmanna hafi verið ófullnægjandi og í þjálfunarskrár tveggja starfsmanna var ekki tilgreint um upphafsdag starfs. Matvælastofnun telur að sannprófun hefði átt að ná til þessarar frávik og telur því sannprófun eftirlitsþega ekki nægjanlega ítarlega hvað þetta atriði varðar.

Þegar eftirlitsmenn fóru í eftirlit í eldisstöðina þann 7. janúar 2026 var óskað eftir verklagsreglu um sannprófun útprentaða.

Í verklagsreglunni vantar að tilgreina að sannprófa skuli eftir önnur alvarleg atvik. Þá er ekki tilgreind öll þau atriði sem tilgreind eru í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sbr. a.-e. lið undir liðnum sannprófun.

# Niðurlag

Þann 07/01/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 06/03/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 5 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávik og 4 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Rannsókn á stroki: 11 af 13 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 4 frávik og 1 alvarlegt frávik.

Nánari útlitun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

## [Lagagrunnur eftirlits](#)

### Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

#### Rannsókn á stroki

- Rekstrarleyfi
- Eldisbúnaður
- Verklagsreglur
- Viðbragðsáætlanir
- Gæðahandbók
- Nýliðunarþjálfun starfsmanna
- Þjálfunarskrá starfsmanna
- Innra eftirlit
- Atvikaskráning
- Verklagi rekstraraðila fylgt
- Annað

### Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Rannsókn á stroki - Dagbókarfærslur

Rannsókn á stroki - Eftirlit og viðgerðir á netpokum